

1235. Stjórnarfundur VR

Haldinn föstudaginn 21. október 2022, kl. 12:00 í fjarfundi.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Arnþór Sigurðsson varamaður í stjórn, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi voru: Harpa Sævarsdóttir, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon og Þórir Hilmarsson.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

Skrifleg dagskrá var ekki send út.

Ragnar Þór sagði að boðað hafi verið til fundarins til að ræða stöðu kjaraviðræðna. Hann hafi leitað eftir því hvort vilji sé hjá Starfsgreinasambandinu og iðnaðarmönnum að vinna saman og mynda breiða fylkingu inn í kjarasamningaviðræður. Vilji sé fyrir slíku innan Landssambands ísl. verzlunarmanna.

Ragnar sagði að mikill vilji væri hjá SGS að fara sameiginlega fram með LÍV í samningaviðræðum við atvinnurekendur og stjórnvöld. Tvö félög, þar á meðal Efling, standi utan þessa. Hvað varðar iðnaðarmenn hafi verið fundað í vikunni og vilji væri fyrir því að LÍV, SGS og iðnaðarmenn fari sameiginlega fram með kröfur gagnvart stjórnvöldum, að fengnu samþykki stjórn VR og LÍV.

Ragnar Þór sagði tækifærið nú svipað því sem hann hafi leitað eftir á vettvangi ASÍ, að stóru félögin fari fram ásamt iðnaðarmönnum. Hann telji þetta góða leið til að styrkja samningstöðu félagsins, bæði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Ragnar Þór sagði VR hafa sett það skilyrði að áhersla félagsins væri á millitekjuhópana og kvaðst vongóður um að LÍV og SGS geti náð saman.

Fyrir fundinum nú lægi að taka afstöðu til þess hvort stjórn gefi formanni umboð til að halda áfram viðræðum um samflot og samstarf.

Umræður.

Fundurinn samþykkti einróma að veita formanni umboð til að halda viðræðum áfram um samflot og samstarf í kjarasamningaviðræðum við atvinnurekendur og stjórnvöld.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 12:35.